

- 69 Deir, sem í Ísrael reka verksmiðjuíðnað eða handiðn, jarðrækt, málmnam, 6. okt. verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:
1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Ísrael fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
 2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvikjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
 3. Vörumerkið skal ekki njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Ísrael.
 4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Ísrael, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
 5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt í Ísrael, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram í Ísrael.
 6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 6. október 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

70

7. okt.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var undirritað í Varsjá, 1. október 1960, samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu frá 1. október 1960, til 30. september 1961.

Samkvæmt íslenska vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir eftirfarandi útflutningi til Póllands: Fryst sild 2500 smál., saltsild 2000 smál., fiskimjöl 3500 smál., saltaðar gærur 250 smál., meðalalýsi 800 smál., iðnaðarlýsi 400 smál., kindagarnir 200000 stykki og frystum fiskflökum eins og um kann að semjast.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vöruflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stálvörur, trjávörur, gips, vefnaðarvörur, sykur, ávextir og grænmeti, skófatnaður, leirvörur, búsaðhöld o. fl.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu fyrir 30. september 1961 framlengist það sjálfkrafa óbreytt um eitt ár. **70**
7. okt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 7. október 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

um greiðslusamning milli Íslands og Póllands.

71

7. okt.

Hinn 1. október 1960 var undirritaður í Varsjá greiðslusamningur milli Íslands og Póllands. Gildir samningurinn frá 1. október 1960 til 30. september 1961. Segi annar hvor samningsaðili honum ekki upp þremur mánuðum áður en gildistímanum lýkur, framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár, og síðan áfram um eitt ár í senn.

Jafnframt er úr gildi numinn frá 1. október 1960 að telja greiðslusamningur Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 7. október 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísraels.

72

24. okt.

Hinn 19. október 1960 var undirritaður í Genf viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Ísraels.

Með samningi þessum er viðskiptum og greiðslum milli landanna settur frjálsari grundvöllur.

Samningur þessi gengur í gildi 1. janúar 1961, og fellur þá úr gildi eldri viðskipta- og greiðslusamningur frá 18. maí 1953. Samningurinn gildir í eitt ár og framlengist síðan sjálfkrafa um eitt ár í senn, nema annar hvor samningsaðili segi honum upp með 3 mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið 24. október 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

A 30